

## Fundur í stjórn Prentsöguseturs 22. október 2016

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Bjargey G. Gísladóttir, Heimir Br. Jóhannesson og Þóra Elfa Björnsson. Fundurinn var haldinn að Gautavík30.

### 1) Starfið framundan.

- a. Fjáröflun meðal fyrirtækja. Formaður sagði frá hugmynd um fjáröflun hjá fyrirtækjum í prentiðnaðinum, leiðir til þess og hverjir tækju þetta að sér, Svanur sagðist tilbúin að vera í hópnum einnig var Þórleifur V. nefndur og að hafa samband við Sófus. Haukur mun setjast niður með þeim á næstunni.
  - aa. Skráning tækjanna sem komin eru. Mikilsvert er að skrá þau tæki sem eru komin á Eyrarbakka ásamt því að tala við gamla kollega sem hafa unnið á þessi tæki. Hugað verður að þessu fljótlega.
  - b. Hugsanleg viðtalsbók en enn eru margir sem gætu lagt til ómetanlegar sögur í viðtalsbók. Reyfaðar ýmsar hugmyndir, s.s. samband við viðskiptamenn eða útgefendur; ættar- og fjölskyldutengsl innan geirans; örlagasögur; innflutningsmál o.fl. og mun Haukur draga þær saman og finna út hvaða flötur verður bestur. Ýmislegt efni er til, bæði upptökur úr útvarpi og sjónvarpi. Leita mætti styrkja fyrir gerð og útgáfu slíkrar bókar, auk vinnslu fyrirbyggjandi efnis á segulbandi, filmum og vídeóspólum í stafrænt form. Stjórnarmenn voru beðnir að rifja upp samstarfsmenn/-konur sem til greina kæmu sem viðmælendur.
  - c. Fréttabréf. Allir sammála að fengur sé að því og mun Haukur setja eitt slíkt saman á næstunni ásamt Þóru Elfu.

### 2) Önnur mál. Þar var m.a. rætt um minjamál í Reykjavík, hvort hægt væri að setja upp sýningu á prentgripum þar, kannski í sambandi við viðburð. Einnig sýndi Heimir tvær gamlar bækur og ræddi útgáfusögu þeirra. Þá var rætt um flutning véla og muna úr prentsmiðju Heimis. Hann var hvattur til að skrifa niður allt sem hann veit um tækin sem hann ætlar að láta frá sér.

Ritari: Þóra Elfa Björnsson

## DAGSKRÁIN

### 1. Starfið framundan.

- a. **Fjáröflun meðal fyrirtækja.**
  - aa. Skráning tækjanna okkar.
  - ab. Skráning gamalla kollega, sem unnið hafa á hin ýmsu tæki, sem við eigum eða eigum ekki.
- b. **Hugsanleg viðtalsbók** við gamla starfsbræður, þar sem gamlir vinnufélagar ræddu saman. Hugsanlega væri hægt að fá fjárstuðning til slíks verks hjá Grafíu.

### c. Fréttabréf

### 2. Önnur mál